

Aðalfundur Golfklúbbsins Setbergs

Haldinn 16.01.2014, kl: 20.00 í sal eldri borgara í Hafnarfirði, Hraunseli.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Formaður setti fundinn kl 20.00 og stakk upp á Þórarni Sófussyni sem fundarstjóra og Gunnlaugi Guðjónssyni sem fundarritara. Var það samþykkt samhljóða. Mættir á fundinn voru 67 félagar.

2 Skýrsla ritara

Ritari GSE Gunnlaugur Guðjónsson las upp fundargerð frá síðasta aðalfundi GSE og var hún samþykkt án athugasemda.

3. Skýrsla formanns.

Högni Friðþjófsson flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2013. Var helstu atriðum dreift með ársskýrslu. Formaðurinn kom víða við og greindi frá öllu því helsta sem gerst hefði á síðasta ári:

Það helsta sem kom fram í orðum formannsins var:

- a) Keypt var ný dæla fyrir vökvunarkerfið og það endurbætt talsvert um vorið en það var á endanum aldrei sett í gang yfir sumarið.
- b) Gróðursetningin frá því haustið 2012 tókst vel.
- c) Veðrið hafði slæm áhrif á reksturinn á árinu.
- d) Áfram var unnið skv. plani við 6. og 8. flöt.
- e) Ekki væri hægt að meta hvort sá fjöldi félaga sem nú er í klúbbum sé hæfilegur þar sem aðsóknin síðasta sumar var mjög lítil vegna veðurs.
- f) Ekki verði fjölgað frekar í klúbbum en félagar eru nú um 480.
- g) Enginn væri í föstu starfi hjá klúbbum.
- h) Að árið 2015 ætti klúbburinn 20 ára afmæli og væri stefnt að því að gefa út blað og fara í afmælisferð í tilefni af því. Mun stjórnin skipa afmælisnefnd og ritnefnd í tilefni af þessu.
- i) Að reynt yrði að halda vinarvallasamstarfi áfram við GHR, GS og GB.

4. Skýrsla gjaldkera.

Gjaldkeri GSE Pétur Einarsson lagði fram endurskoðaða reikninga klúbbsins og las upp helstu niðurstöðutölur. Það helsta sem kom fram er að tekjur voru aðeins lægri en búist var við sem kenna má veðri um. Voru reikningarnir síðan samþykktir samhljóða og án athugasemda.

5. Kosning Formanns.

Sitjandi formaður, Högni Friðþjófsson, gaf áfram kost á sér og var hann endurkjörinn með öllum greiddum atkvæðum.

6. Stjórnarkjör.

Samkvæmt lögum félagsins dattu Pétur Einarsson, Þórarinn Sófusson og Óskar Sigurmundason úr stjórninni. Gáfu þeir allir kost á sér til áframhaldandi setu. Ekki bárust aðrar tillögur og voru þeir því endurkjörnir.

Er nýja stjórnin því þannig skipuð:

Högni Friðþjófsson, Pétur Einarsson, Gunnlaugur Guðjónsson, Björn Eysteinnsson, Óskar Sigurmundason, Þórarinn Sófússon og Karl Ísleifsson.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir þeir Einar Sigurðsson og Örn Andrésson.

7. Fjárhagsáætlun fyrir 2014.

Högni Friðþjófsson (HF) kynnti fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og fór yfir helstu kennitölur. Kom m.a. fram að tillaga stjórnar er að árgjaldið fyrir 2014 verði kr. 61.500 fyrir fullorðna og 34.000 fyrir unglunga. Enginn afsláttarkjör eru í boði, t.d. fyrir hjón o.s.frv.

8. Lagabreytingar.

Eins og fram kom í fundarboði var lögð fyrir fundinn tillaga um breytingu á 6. grein í lögum klúbbsins. Á fundinum var samþykkt afbrigði við fundinn þannig að fjárhagsári klúbbsins var jafnframt breytt. Fela þessar breytingar það í sér að fjárhagsár klúbbsins er frá 1. desember til 31. nóvember og að aðalfund skal halda fyrir 10. desember ár hvert. Lögin með framangreindum breytingum verða send til Íþróttabandalags Hafnarfjarðar sem sendir lögin til Íþróttasambands Íslands til endanlegrar staðfestingar.

9. Önnur mál.

- a) Kom fram hjá HF að það væri forgangsmál að kaupa nýja brautarsláttuvél og yrði hagnaðar síðasta árs notaður til að fjármagna kaupin að hluta.
- b) Klára á æfingasvæðið en stefnt er að því að opna það í sumar.
- c) HF sagði að gaman væri ef hægt væri að stækka pallinn í kringum skálann og hugsanlega tjalda yfir að hluta.
- d) Byggja varanlega salernisaðstöðu við 6. teig.
- e) Rætt var um hvort ekki væri hægt að koma fyrir fleiri trjám við teiga til að skapa skjól.
- f) Einnig kom fram sú ósk að settir yrðu fleiri bekkir við kvennateiga.
- g) Sú ósk kom fram hvort ekki væri hægt að fella tré sem trufla kvenkylfinga við 3. teig og örvhentar konur á 10. teig.
- h) Sú spurning kom fram hvort ekki yrðu kannaðir fleiri möguleikar en La Sella í afmælisferðina. Ferðanefnd mun skoða málið og leita eftir tilboðum.

8. Þórarinn Sófússon sleit fundi kl 21.15.

Kópavogur 17. janúar 2014.

Gunnlaugur Guðjónsson
Ritari GSE